



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 420 1700, bréfsími: 421 1786

Alþingi
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/1001
komudagur 9.2.2014

Umsögn embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum vegna þingskjals nr. 459– 251. máls.

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum telur að frumvarp um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, með síðari breytingum, sé farsælt fyrir lögregluna í landinu. Sérstaklega má nefna í þessu sambandi aðskilnað sýslumanns og lögreglustjóra en embætti lögreglustjóra og sýslumanns á Suðurnesjum hafa verið aðskilin allt frá árinu 2007 og hefur sá aðskilnaður reynst vel. Þá má nefna að með stærri rekstrareiningum skapast betra rými til að mæta óvæntum aðstæðum og rekstur verður hagkvæmari innan fárra ára.

Gerðar eru eftirfarandi efnislegar athugasemdir við frumvarpið:

1. Gerð er athugasemd við f. lið 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins, breytingar á ákvæði 1.-4. mgr. 28. gr. laganna þar sem segir um hæfisskilyrði lögreglustjóra; „hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi eða háskólaþrófi í þeirri grein sem metið verður jafngilt“. Er það mat lögreglustjórans á Suðurnesjum að ekki sé skýrt hvað átt er við með jafngildu háskólaþrófi. Er nauðsynlegt að hafa skýran lagaramma um hæfisskilyrði til embættis lögreglustjóra enda eins og réttilega segir í athugasemdum með lagaákvæðinu að ekki sé gert ráð fyrir aðskilnaði ákærvalds og lögreglustjórnar í frumvarpinu. Með vísan til 18. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 er að mati embættisins skilyrði að lögreglustjóri gegni því hæfisskilyrði að hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi.
2. Gerð er athugasemd við b. lið 4. gr. frumvarpsins er varðar niðurfellingu á ákvæði 5. gr. 8. gr. núgildandi lögreglulaga. Var í því ákvæði heimild til að koma á fót greiningardeild við einstök embætti lögreglustjóra er leggi mat á hættu af hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Þó heimildin hafi ekki verið notuð er ekki loku fyrir það skotið að slíkt kunni að verða gert og m.a. ber þess að geta að hjá embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum er sérhæfð þekking og starfsemi er varðar landamæri og kann að vera nauðsynlegt að þróa greiningarstarfsemi til mæta kröfum innlendra og erlendra samstarfsaðila.
3. Að síðustu ber nefna 6. mgr. 8. gr., um tæknideild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum vinnur sínar tækni- og tölvurannsóknir að stórum hluta sjálft. Ástæður þess eru fyrst og fremst hraðari afgreiðslutími og nálægð við þann eða þá rannsóknarlögreglumenn sem hafa forræði rannsókna.

Tækni- og tölvurannsóknir eru orðnar æ algengari í þeim málum sem falla undir rannsóknardeildir og ekki annað að sjá en að sú þróun muni halda áfram. Með fækkun og stækkun lögregluumdæma er það mat okkar að öll lögregluliðin eigi að geta séð sjálf um einfaldari rannsóknir og stýtt þannig rannsóknartíma og minnkað hættu á spjöllum og kostnaði vegna sendinga á tækni- og tölvubúnaði. Líta mætti til fyrirkomulags í Noregi, þar sem tæknideild á landsvísu sér um flóknari verkefni og getur þannig sérhæft sig meira og aðstoða í mikilvægum málum. Einfaldari hluti gætu embættin séð um sjálf eins og áður sagði,

Brekkustígur 39
260 Reykjanesbær

- Yfirstjórn
- Fjármál og skrifstofuhald
- Lögfræðisvið
- Rannsóknardeild
- Fikniefnateymi

Hringbraut 130
230 Reykjanesbær

- Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkurflugvöllur

- Flugstöðvardeild

Vikurbraut 25
240 Grindavík

- Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði

- Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður

- Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar

- Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær

- Hverfastöð



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 420 1700, bréfsími: 421 1786

sér í lagi í þeim tilvikum þar sem tæknibúnaður er tiltölulega ódýr og málin mörg. Í þeim málum þar sem þörf væri á dýrari búnaði og viðameiri rannsóknum eða sérhæfðari, væri landsdeild tækni- og tölvurannsókna góður kostur.

Reykjanesbær, 7. febrúar 2014,

Sigríður Björk Guðjónsdóttir
lögreglustjóri

Brekkustígur 39
260 Reykjanesbær

- Yfirstjórn
- Fjármál og skrifstofuhald
- Lögræðisvið
- Rannsóknardeild
- Fikniefnateymi

Hringbraut 130
230 Reykjanesbær

- Almenn deild

Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Keflavíkflugvöllur

- Flugstöðvardeild

Vikurbraut 25
240 Grindavík

- Hverfastöð

Strandgata 17
245 Sandgerði

- Hverfastöð

Sunnubraut 4
250 Garður

- Hverfastöð

Hafnargata 17
190 Vogar

- Hverfastöð

Skógarbraut 945
235 Reykjanesbær

- Hverfastöð